

FUNDARGERÐ

Miðvikudaginn 12. júní 2013 kl. 10:15 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í húsaáskynnum innanríkisráðuneytis. Fundurinn fór fram í Kalkofninum, fundarherbergi á 2. hæð Sölvhólsstötu 7 Reykjavík.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Guðmundur Bjarnason formaður, Árni Rúnar Þorvaldsson, Bjarni Jónsson, Hermann Jón Tómasson og Þórunn Egilsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Elínu Pálsdóttur, Elínu Gunnarsdóttur, Guðna Geir Einarssyni og Halldóri V. Kristjánssyni. Björk Þorsteinsdóttir var fjarverandi en varamaður hennar Bryndís Haraldsdóttir sat fundinn. Á fundinn mætti Bergur Sigurbjörnsson, nýráðinn sérfræðingur hjá Jöfnunarsjóði.

Guðmundur Bjarnason setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Sérstaklega bauð hann Hermann Jón Tómasson velkominn á ný til starfa í nefndinni en Hermann hefur verið í ársleyfi frá nefndarstörfum vegna námsdvalar erlendis. Guðmundur þakkaði Árna Rúnari Þorvaldssyni, varamanni Hermanns, fyrir vel unnin störf á árinu.

Gengið var til dagskrár.

FUNDARGERÐ

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu fundargerð frá fundi ráðgjafarnefndar 10. maí 2013. Fundargerðin var samþykkt án athugasemda og undirrituð.

SAMEININGAR SVEITARFÉLAGA

Skuldajöfnunarframlag – Sveitarfélagið Álftanes

Á fundi ráðgjafarnefndar 24. febrúar 2012 samþykkti nefndin að leggja til að mögulegt framlag til jöfnunar á skuldastöðu sveitarfélaga í kjölfar sameiningar Sveitarfélagsins Álftanes og Garðabæjar gæti að hámarki numið allt að 450 m.kr. Fyrir lá samþykkt um úthlutun framlags að fjárhæð 300 m.kr. sem kæmi til greiðslu í kjölfar samþykktar um sameiningu sveitarfélaganna. Úthlutun viðbótarframlags að fjárhæð allt að 150 m.kr. væri tekið til skoðunar þegar niðurstöður úr ársreikningi Sveitarfélagsins Álftanes fyrir árið 2012 lægu fyrir.

Lagt var fram til kynningar á fundinum yfirlit yfir útreikning skuldajöfnunarframlags til Sveitarfélagsins Álftanes. Að teknu tilliti til niðurstöðu úr ársreikningi sveitarfélagsins fyrir árið 2012, neikvæðrar peningalegrar stöðu umfram 50% skatttekna að frádregnu kaupverði vegna fasteigna Eignarhaldsfélagsins Fasteignar samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að til úthlutunar kæmi viðbótarframlag vegna skuldajöfnunar að fjárhæð 150 m.kr., sbr. c-lið 1. gr. reglna nr. 295/2003. Framlagið kæmi til greiðslu á árunum 2013, 2014 og 2015 með jöfnunum greiðslum.

FRAMLAG VEGNA FJÁRHAGSERFIDLEIKA

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Sandgerðisbæ, dags. 3. júní 2013. Í erindinu kemur fram að nú sé að fullu lokið vinnu þeirra sérfræðinga sem sveitarfélagið hafi fengið til liðs við sig vegna fjárhagserfíðleika bæjarfélagsins og samninga þar að lútandi sem gerðir voru við Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga og innanríkisráðherra. Óskað er eftir framlagi úr Jöfnunarsjóði að fjárhæð 2.555.300 kr. sem lokagreiðslu vegna þeirrar sérfræðiaðstoðar.

Að höfðu samráði við Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að til úthlutunar kæmi framlag að fjárhæð 2.555.300 kr. á grundvelli b-liðar 7. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010 til viðbótar framlagi að fjárhæð 11,1 m.kr. sem kom til úthlutunar og greiðslu á árinu 2012.

FRAMLAG TIL JÖFNUNAR Á TEKJUTAPI VEGNA FASTEIGNASKATTS

Fjármagn til ráðstöfunar

Ráðstöfunarframlag sjóðsins til greiðslu framlaganna tekur mið af 30% af lögbundnu framlagi frá ríki sem nemur 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs. Að teknu tilliti til eftirstöðva frá árinu 2012 nemur ráðstöfunarfjármagnið samtals 3.149,5 m.kr.

Tillaga að áætluðu uppgjöri framlagsins 2013

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætluðu uppgjöri framlagsins á grundvelli reglugerðar nr. 80/2001 um jöfnun tekjutaps sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti. Við útreikning framlagsins er tekið tillit til niðurfellingar fasteignaskattstekna Reykjanesbæjar vegna Ásbrú/Vallarheiði að fjárhæð 13,7 m.kr.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að úthlutun framlags og áætlað uppgjör á árinu 2013 til jöfnunar á tekjutapi í kjölfar breytinga á álagningarstofni fasteignaskatts væru aðlöguð að áætluðu fjármagni til ráðstöfunar á árinu og næmu samtals 3.149,5 kr.

Við tillögugerð að úthlutun framlagsins til Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Mosfellsbæjar, Akureyrarkaupstaðar og Vopnafjarðarhrepps viku nefndarmennirnir Árni Rúnar Þorvaldsson, Bjarni Jónsson, Bryndís Haraldsdóttir, Hermann Jón Tómasson og Þórunn Egilsdóttir af fundi, hvert fyrir sig, þegar fjallað var um þeirra sveitarfélag.

FRAMLÖG VEGNA HÚSALEIGUBÓTA

Beiðni um fjölgun greiðslna

Á grundvelli 3. gr. nýrrar reglugerðar um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna húsaleigubóta, nr. 150/2013, er kveðið á um ársfjórðungslegar greiðslur framlaga úr Jöfnunarsjóði. Greiðslurnar skulu inntar af hendi eigi síðar en 20 dögum frá lokum ársfjórðungs, þ.e. 20. apríl, 20. júlí, 20. október og 20. janúar.

Þann 1. janúar sl. tók gildi reglugerð nr. 1205/2012 um breytingu á reglugerð velferðarráðuneytisins um húsaleigubætur, nr. 118/2003 með síðari breytingum. Með breytingunni á reglugerðinni voru stigin fyrstu skref í átt að nýju húsnæðisbótakerfi sem innleitt verður í áföngum Kostnaðarauki vegna þessara breytingar er alfarið greiddur úr ríkissjóði.

Á kynningarfundum sem haldinn var í velferðarráðuneytinu um framangreindar breytingar á reglugerð velferðarráðuneytisins kom fram sú beiðni, einkum frá stóru sveitarfélögum, að greiðslur á framlögum vegna almennra húsaleigubóta bærust oftast en ársfjórðungslega, þ.e. fram færi innborganir inn á framlög vegna ársfjórðungsins.

Með tilvísun til þessarar beiðni var sett inn heimild í reglugerð 150/2013 um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna húsaleigubóta sem hljóðar svo: „*Heimilt er að greiða sveitarfélögum mánaðarlega innborgun inn á áætlað framlag ársfjórðungsins*“.

Í umfjöllun nefndarinnar um málið kom fram að beiðni um breytingar á greiðslufyrirkomulagi framlaga þyrfti að vera með formlegri hætti og samþykkti nefndin að leggja til að leitað væri eftir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga hvað beiðnina varðar.

FRAMLÖG TIL SÉRSTAKRA VERKEFNA

Íþyngjandi kostnaður vegna snjómoksturs í þéttbýli

Lögð voru fram til kynningar erindi Dalvíkurbyggðar, dags. 14. maí 2013 og erindi Grýtubakkahrepps, dags. 15. maí 2013, vegna verulega íþyngjandi kostnaðar við snjómokstur á árinu 2012 og það sem af er á árinu 2013.

Þegar erindi sveitarfélaganna eru skoðuð með tilliti til rauntalna vegna snjómoksturs á árinu 2012 og það sem af er á árinu 2013 kemur greinilega fram að um verulega íþyngjandi kostnað er að ræða.

Fram kom hjá nefndinni að erindin yrðu tekin til umfjöllunar með jákvæðum hætti en þau þyrftu ítarlegri skoðunar við. Með tilvísun til þessa samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að afgreiðslu þeirra væri frestað og leitað yrði frekari upplýsinga um íþyngjandi kostnað vegna snjómoksturs hjá fleiri sveitarfélögum á Norðurlandi.

**YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐRA
DRÖG AÐ NÝRRI REGLUGERÐ UM FRAMLÖG JÖFNUNARSJÓÐS VEGNA ÞJÓNUSTU
VIÐ FATLAÐ FÓLK 2013**

Lagt var fram til kynningar bréf til Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 6. júní 2013, þar sem óskað er umsagnar Sambandsins um drög að nýrri reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2013.

Staða mála

Samkvæmt upplýsingum frá Sambandinu verða drögin að reglugerðinni lögð fyrir næsta stjórnarfund Sambandsins sem verður haldinn 28. júní nk.

Byggðasamlag málefna fatlaðra á Norðurlandi vestra, bókun stjórnar

Lagt var fram til kynningar bréf Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, dags. 3. júní 2013. Í bréfinu er gerð grein fyrir eftirfarandi bókun stjórnar Byggðasamlags málefna fatlaðra á Norðurlandi vestra frá 24. maí 2013.

„Stjórn bs um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra lýsir mikilli undrun á boðaðri lækkun á framlögum Jöfnunarsjóðs til Þjónustusvæðis Norðurlands vestra fyrir árið 2013. Stjórnin bendir á að um er að ræða viðkvæman málaflokk og því afar óheppilegt að áform um stórfellda lækkun framlaga ársins 2013 séu kynntar á miðju ári. Að mati stjórnar er mikilvægt að fara gaumgæfilega yfir málið í heild og að allar upplýsingar varðandi útreikninga séu upp á borðinu. Þá fer stjórnin fram á að gildistöku reglugerðar um skiptingu framlaganna verði frestað um óákveðinn tíma.“

Í umfjöllun nefndarinnar um bókun stjórnar byggðasamlagsins var m.a. komið inn á íþyngjandi kostnað vegna þjónustu við fatlaða þar sem um dreifða byggð væri að ræða og að sveiflur milli ára gætu orðið meiri hjá fámennari þjónustusvæðum því þar munaði meira um hvern einstakling.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að frekari umræðu væri frestað til næsta fundar.

**ALMENN JÖFNUNARFRAMLÖG VEGNA ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK
Áætlun ársins 2013**

Lögð var fram til umfjöllunar áætlun um úthlutun almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2013 sem kynnt var á fundi með þjónustusvæðum í Þjóðminjasafninu 13. maí sl. Sérstaklega voru teknar til skoðunar breytingar á milli ára hjá einstaka þjónustusvæðum.

Þar sem ný reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2013 hefði enn ekki verið samþykkt samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að greiðslum væri haldið óbreyttum þar til samþykki lægi fyrir.

Við greiðslur framlaganna á árinu fer jafnframt fram leiðrétting vegna framlaga á árinu 2011. Heildaráætlun almennra jöfnunarframlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2013 nemur 9.878 m.kr. Þar af nema leiðréttingar vegna ársins 2011 70,0 m.kr.

Um leið og ný reglugerð hefur verið samþykkt munu gögn sem liggja að baki áætlunarinnar um úthlutun framlaga sem kynnt var fyrir þjónustusvæðum í maí verða send út á svæðin og óskað eftir athugasemdum við úthlutunina.

Viðbótargögn frá Reykjavík – Staða mála

Fram kom að enn væri verið að vinna úr viðbótargögnum sem bárust frá Reykjavíkurborg. Einnig væri eftir að vinna úr þeim athugasemdum sem bárust frá svæðunum í kjölfar útsendingar á gögnum sem liggja að baki áætlunarinnar frá því í maí. Því mætti ætla að endurskoðuð áætlun um úthlutun framlaganna á árinu 2013 yrði lögð fram í september nk. og lokaleiðrétting færi svo fram í desember nk.

MÖGULEG AÐKOMA JÖFNUNARSJÓÐS AÐ NEIKVÆÐUM SVEIFLUM MILLI ÁRA

Lögð var fram til skoðunar greiðslu- og rekstraráætlun ársins 2013 vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra. Á grundvelli áætlunarinnar voru ræddir þeir möguleikar sem til staðar væru til að koma til móts við þau þjónustuvæði þar sem sveiflurnar kæmu til með að verða mestar milli árána 2012 og 2013.

SÉRSTAKIR FUNDIR MEÐ ÞJÓNUSTUSVÆÐUM

Greint var frá fundum sem starfsmenn Jöfnunarsjóðs hafa átt með Reykjavíkurborg og Seltjarnarnesi og Byggðasamlagi málefna fatlaðra á Norðurlandi vestra vegna áætlaðra framlaga ársins og erfiðrar stöðu að þeirra mati.

NOTENDASTÝRÐ PERSÓNULEG AÐSTÖÐ

Umsóknir vegna ársins 2013

Lagt var fram til kynningar yfirlit yfir umsóknir vegna gerðra NPA samninga á fjárhagsárinu 2013. Fram kom að borist hefðu umsóknir frá 8 þjónustuvæðum. Fjöldi samninga er 41 og taka þeir til 3-12 mánaða tímabils á árinu 2013. Fjárhæðir samninganna eru á bilinu 121 þús. kr. til 2 m.kr. á mánuði. Að höfðu samráði við verkefnisstjórn um NPA nemur kostnaðarhlutdeild Jöfnunarsjóðs 20%.

Staða mála

Framkvæma þarf frekari athuganir á innsendum samningum og enn eiga eftir að berast umsóknir frá þjónustuvæðum.

FRAMLÖG TIL EFLINGAR TÓNLISTARFRÆÐSLU

Tillaga að áætlaðri úthlutun framlaga skólaárið 2013 – 2014

skv. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 23/2013

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun framlaga á grundvelli 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 23/2013 skólaárið 2013 -2014.

Mennta- og menningarmálaráðherra skipaði í mars sl. starfshóp til að ræða mögulega framlengingu og/eða endurskoðun samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnámsins og jöfnun á aðstöðumun nemenda. Starfshópurinn hefur komið saman en samkomulag um framlengingu samkomulagsins liggur enn ekki fyrir. Jöfnunarsjóður óskaði eftir að sveitarfélög sendu inn umsóknir sínar og upplýsingar um áætlun tónlistarnáms skólaárið 2013 - 2014 með hliðsjón af mögulegri framlengingu samkomulagsins.

Sveitarfélög sendu inn umsóknir sínar í maí sl. vegna viðurkenndra tónlistarskóla í sveitarfélögunum. Lagt er til að 510 m.kr. verði dreift á grundvelli 2. mgr. 1. gr. reglugerðar, nr. 23/2013, um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda, þ.e. vegna kennslukostnaðar í tónlistarskólum af söngnámi á miðstigi og söng- og hljóðfæranámi á framhaldsstigi. Um jafnar mánaðarlegar greiðslur framlaga er að ræða til kennslusveitarfélaga nemendanna á skólaárgrunni, þ.e. á tímabilinu september til ágúst. Samkvæmt áætlun nemur mánaðargreiðsla til sveitarfélaga 42,5 kr.

Eftirstöðvar framlagsins, 10 m.kr., munu renna til úthlutunar framlaga á grundvelli 7. gr., sem renna til lögheimilissveitarfélaga nemenda vegna náms á grunnstigi í söng og grunn- og miðstigi í hljóðfæraleik og vegna kostnaðar af langtímaforföllum o.fl.

Viðmiðunarfjárhæðir vegna hljóðfæranáms á grunn- og miðstigi og söngnáms á grunnstigi, sbr. 7. gr reglnanna, munu verðar birtar þegar úrvinnsla umsókna hefur farið fram á umsóknum lögheimilissveitarfélaga nemendanna.

Ráðgjafarnefnd samþykkti tillögu um áætlaða úthlutun framlaga skólaárið 2013 – 2014 með fyrirvara um framlengingu samkomulagsins.

Eigi síðar en 10. október nk. ber sveitarfélögum að senda til Jöfnunarsjóðs endanlega nemenda- og kennsluskrá vegna viðurkenndra tónlistarskóla í sveitarfélögunum. Endurskoðuð áætlun um úthlutun framlaga fyrir skólaárið 2013 – 2014 verður lögð fram í lok október. Við greiðslu framlagsins í október fer fram leiðrétting vegna septembermánaðar.

ÖNNUR MÁL

Áherslur Sambands ísl. sveitarfélaga í upphafi nýs kjörtímabils Alþingis

Lagt var fram til kynningar yfirlit yfir helstu áherslur Sambands íslenskra sveitarfélaga í samskiptum þess við Alþingi og ríkisstjórn ásamt bréfi Sambandsins til allra nýkjörinna alþingismanna. Einnig var lögð fram til kynningar greinargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga „Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar og sveitarfélögin.“

ENDURSKOÐUN Á REGLUVERKI JÖFNUNARSJÓÐS SVEITARFÉLAGA

Bergur Sigurbjörnsson er nýr starfsmaður Jöfnunarsjóðs og er ráðinn tímabundið til starfa til að vinna að framkvæmd tillagna starfshóps sem annaðist endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs á árunum 2009 og 2010. Fram kom hjá Bergi að vonast væri til að hægt yrði að kynna næsta áfanga í tillögum starfshópsins um breytingar á regluverkinu á ársfundi Jöfnunarsjóðs á hausti komandi. Ráðgjafarnefnd bauð Berg velkominn til starfa og óskaði honum alls hins best í störfum sínum.

Næsti fundur nefndarinnar verður væntanlega seinni hluta júlímánaðar.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 12:30.

Halldór V. Kristjánsson